



Mál: Græni stígurinn, frumgreining - til umsagnar.

Dags. 12. september 2023

málsnúmer ONE: 23061017

Minnisblað - Umsögn

Efnisyfirlit

- A. Erindi SSH dags. 10. júní 2023 - Græni stígurinn, frumgreining, drög til kynningar og samráðs, dags. 01.06.2023. Óskað er eftir umsögn. bls 1
- a1. Inngangur, erindi SSH lagt fram í bæjarráði
- a2. Erindi SSH, dags. 10.06.2023 (fylgiskjöl 1a og 1b)
- B. Rýni, samantekt - Umsögn
- Myndir B1, B2 - úr frumgreiningu
- Myndir B3a, B3b – aðalskipulagsáætlanir og græni stígurinn
- Umsögn bls 4
- Fylgiskjöl. - Erindi SSH/svæðisskipulagsstjóra dags. 10.06.2023 og
- Græni stígurinn, Frumgreining, Drög til kynningar og samráðs, 01.06.2023

A. Erindi SSH dags. 10. júní 2023. Græni stígurinn, frumgreining, drög til kynningar og samráðs, dags. 01.06.2023. Óskað er eftir umsögn.

a1. Inngangur, erindi SSH lagt fram í bæjarráði 15.06.2023

Eftirfarandi var bókað á 3133. fundi bæjarráðs 15. júní 2023.

„23061017 - Græni stígurinn - frumgreining til umsagnar

Frá SSH, dags. 10.06.2023, lögð fram frumgreining til rýni og umsagnar sveitarfélagsins.

Bæjarráð samþykkir að vísa erindinu til sviðsstjóra umhverfissviðs.“

a2. Erindi SSH, dags. 10.06.2023 (fylgiskjöl 1a og 1b)

Bréf frá Jóni Kjartani Ágústssyni svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, dags. 10. júní 2023.

Með bréfi/erindi fylgja drög að frumgreiningu (ásamt viðauka) þ.e. drög til kynningar og samráðs, dags. 01.06.2023 (fylgiskjal 1b) - um mögulega legu græna stígsins til kynningar og samráðs, dags. 01.06.2023.

Í erindinu er beiðni um meðferð á vettvangi sveitarfélaga/hagaðila.

- Óskað er eftir að meðfylgjandi frumgreining verði lögð fyrir á tilheyrandi vettvangi til rýni og umsagnar.
- Óskað er eftir að umsagnir berist til SSH í netfangið ssh@ssh.is eigi síðar en 15. sept. 2023.



B. Rýni, samantekt - Umsögn

Rýni, samantekt

Mynd B1. Kópavogur, Heiðmörk – Sandahlíð samanber eftirfarandi úr frumgreiningu:



Kópavogur, Heiðmörk – Sandahlíð:

- Svæðið í gegnum Kópavog frá Heiðmörk í Reykjavík að Sandahlíð í Garðabæ er í nálægð við athafnasvæði hestamanna á Kjávöllum og um það liggja margir reiðstígar.
- Þegar komið er upp Hjallamisgengið liggur leiðin um malarvegi sem bera blandaða útivistarumferð hestamanna, gangandi, hjólandi og akandi. Á þessum kafla er í aðalskipulagi Kópavogs gert ráð fyrir græna stígunum.
- Lengd stígsins í gegnum Kópavog er einungis 2,4 km og þar eru til staðar 0,3 km malbikaður stígur í gegnum Guðmundarlund.
- Guðmundarlundur er vel útbúið og vinsælt útivistarsvæði í skjóli skógar.
- Mikilvægt er að skilgreina nánar hvar græna stígunum er ætlað að liggja í gegnum Kópavog og gera viðeigandi ráðstafanir þar sem hann mun mögulega þvera reiðleiðir.
- Leiðin yfir í Sandahlíð í Garðabæ fer óþarflaga mikið upp í hæðirnar sem gerir þá útivistarstíga sem þar eru bratta og torfæra hjólu, nema fjalla- og rafmagnshjólu.
- Kópavogur og Garðabæ þurfi að finna saman heppilega leið neðar í landi og þá nær Kjávöllum án þess að trufla hestamennska á nærliggjandi reiðstígum.

Mynd B2. Tenging milli Kópavogs og Reykjavíkur (sunnan Suðurlandsvegur) samanber eftirfarandi




Reykjavík, sunnan Suðurlandsvegur:

- Frá undirgöngum undir Suðurlandsveg er góður malbikaður hjóla- og göngustígur á jaðri byggðar í Norðlingaholti í námunda við Hólmsá. Þverun reiðstígs er velmerkt. Sunnan Rauðhóla er stígurinn vel aðgreindur frá samsíða reiðstíg að Heiðmerkurvegi.
- Frá Heiðmerkurvegi tekur við frekar mjór útivistarstígur að brúnni yfir Helluvað.
- Eftir brúna yfir Helluvað er komið inn í Reykjavíkurhluta Heiðmerkur austan Elliðavatns. Þarna kemur til greina að velja úr mismunandi leiðum. Það þarf að skoða betur í samvinnu við Skógræktarfélag Reykjavíkur.
- Í Heiðmörk fer stígurinn um vatnsverndarsvæði þar sem ekki er heimilt að malbika. Horfa þarf til þess að gera vandaða malarstíga sem gera sem flestum gerðum hjóla og óvélknúnum farartækjum á hjólum fært að þræða stíginn.
- Eðlilegt er að horfa til þess að velja stíg sem er hluti af skíðagönguhring í Heiðmörk. Í tengslum við vaxandi skíðagönguiðkun er líklegt að unnið verði að því að breikka og jafna stígstæðið til að skapa betri aðstæður til að troða örugga skíðagöngubraut.
- Útivistarstígarir í Heiðmörk eru misgreiðfærir, allt frá því að vera troðnir, grýttir og á köflum brattir slóðar yfir í breiða og góða malarstíga.
- Þegar endanleg leið hefur verið valin þarf að gera hana eins greiðfæra og kostur er.




Rýni, samantekt



Mynd B3a. Stofnstígur (Garðabær), græni stígurinn (til skýringa). *Skoða þarf legu stíganna nánar.*

Heimild. Vefsíða/kortasíða SSH. Útdráttur úr aðalskipulagsáætlunum Garðabæjar, Kópavogs og Reykjavíkur.

<https://geo.alta.is/ssh/?z=15.00&lat=64.07411472&lng=-21.82607588>



Mynd B3b.

Til vinstri. Græni stígurinn. Úr Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040.

Til hægri. Um Græna stíginn í greinargerð aðalskipulags Kópavogs.

Græni stígurinn

Hugmyndir eru uppi um að á höfuðborgarsvæðinu verði lagður um 50 km langur malbikaður göngu- og hjólréðastígur í græna treflinum. Um tveir km hans eru fyrirhugaðir innan lögsögu Kópavogs. Með stignum er leitast við að auka enn frekar aðgengi fólks að upplandiinu og bæta útivistarmöguleika íbúa alls höfuðborgarsvæðisins. Á græna stignum verða svokölluð græn hlið sem tengja saman svæðin og eru upphafspunktur fólks sem fer inn á græna stíginn. Hliðin eru yfirleitt kennileiti eða áhugaverðir staðir sem flestir þekkja. Nú þegar hefur fyrsta hliðið verið opnað á höfuðborgarsvæðinu í Guðmundarlundi í Kópavogi og þar er einnig eini frágengni hluti græna stígsins enn sem komið er.

Greinargerð aðalskipulags úr kafla 5.1.3
Göngu-, hjóla og reiðstigar.

- GRÆNI STÍGURINN - TIL SKÝRINGA
Nature pathway
- IB ÍBÚÐARBYGGÐ
Residential area
- S SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA
Public institutions
- OP OPIN SVÆÐI
Urban open space
- SK SKÓGRÆKTAR- OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI
Forestry
- OB ÖBYGGÐ SVÆÐI
Open space
- IP ÍÞRÓTTASVÆÐI
Sports area
- HV HVERFISVERND
Conservation area designated by the Town council

Skýringar við uppdrátt.



Skýringar með uppdrætti Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040

- Tekið er fram á aðalskipulagsuppdrætti að „*Staðsetningar á táknum eru til hliðsjónar*“ og græni stígurinn er merktur „*til skýringa*“.
- Í greinargerð aðalskipulags, kafla 5.1.3 *Göngu-, hjóla og reiðastígar* stendur „*Péttylís- sveitarfélagsuppdráttur - göng/brýr/leið - ir(stígar)*. Á *péttylís- og sveitarfélagsuppdrætti* má sjá *leiðbeinandi legu helstu göngu- og hjólaleiða, reiðleiða og leiðbeinandi legu(r) brúa/undirganga fyrir gangandi, hjólandi og/eða ríðandi fólk eftir því sem við á.*“

Umsögn

Kalla þarf eftir samráði við skipulagsfulltrúa Garðabæjar og Reykjavíkur um tillögu að legu græna stígsins á sveitarfélagsmörkum í drögum að frumgreiningu samanber m.a. myndir B1, B2 B3a og B3b hér að framan:

- Í aðalskipulagi Kópavogs er lagt til að græni stígurinn fylgi landinu frá Guðmundarlundi að Garðabæ / Sandahlíð.
 - o Samræma þarf legu græna stígsins í Kópavogi og legu stofnstígs (græna stígsins) í Garðabæ.
 - o Skoða þarf nánar legu stíga sem tengjast græna stígnum frá Kjóavöllum – og frá stígum ofar í Sandahlíð.
 - o Sjá til hliðsjónar myndir B3a og B3b hér að framan.
- Lengd græna stígsins í gegnum Kópavog er um 2,4 km og þar eru til staðar 0,3 km malbikaður stígur í gegnum Guðmundarlund.
 - o Bent er á möguleika að leggja stígin vestar nær vegi og lóðarmörkum Guðmundarlundar fyrir t.d. hjólaumferð. „Grænt hlið“ yrði áfram í Guðmundarlundi.

Hugmyndir/tillögur í frumgreiningu eru í grundvallaratriðum í samræmi við gildandi Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. Fjallað er um „Græna stígin“ í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040.

Vinna þarf deiliskipulag (innan Kópavogs) varðandi stíga frá Guðmundarlundi að athafnasvæði hestamanna á Kjóavöllum og Heimsenda og huga að leiðinni (legu græna stígsins) yfir í Sandahlíð - svo og að sveitarfélagsmörkum Reykjavíkur og Garðabæjar (í Heiðmörk) í samráði við Reykjavík og Garðabæ. Hluti af þeirri vinnu er að skilgreina/endurskoða nánar legu græna stígsins í gegnum Kópavog og huga að öryggi allra sem nota stígin m.a. þegar þvera þarf reiðleiðir.

- Lagt er til að haft verði samráð við skipulagsfulltrúa sveitarfélaganna sem fyrst um gerð deiliskipulags.

Lagt er til að svæðisskipulagsstjóri, ásamt ráðgjöfum frumgreiningar um græna stígin, kynni verkefnið/tillögur fyrir skipulagsráði, umhverfis- og samgöngunefnd og bæjarráði.



Fylgiskjöl 1a, 1b:

Fylgiskjal 1a) Erindi svæðisskipulagsstjóra dags. 10. júní 2023



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

B.t. aðildarsveitarfélaga SSH og hagsmunaaðila vegna græna stígsins

Kópavogur, 10. júní 2023
2301008 JKÁ

Græni stígurinn – frumgreining – beiðni um umsögn


Á 118. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, þann 7. júní sl., mætti Práinn Hauksson frá Landslagi og kynnti niðurstöður frumgreiningar á mögulegri legu græna stígsins í græna trefli höfuðborgarsvæðisins. Eftirfarandi tillaga var samþykkt á fundinum:

SSH er falið að senda drög að frumgreiningu vegna legu græna stígsins til umsagnar: Sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, ÖBÍ, Skógræktarfélags Íslands, Landssambands hestamannafélaga, Landsnets hf., Veitna ehf., Samráðshóps um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu og Landssamtaka hjólræðarmanna. Tímafrestur verði veittur til 15. september 2023. Niðurstöður verði kynntar fyrir svæðisskipulagsnefnd ásamt tillögum að næstu skrefum.

Beiðni um meðferð á vettvangi sveitarfélaga/hagaðila

- Óskað er eftir að meðfylgjandi frumgreining verði lögð fyrir á tilheyrandi vettvangi til rýni og umsagnar.
- Óskað er eftir að umsagnir berist til SSH í netfangið ssh@ssh.is eigi síðar en 15. september 2023.

Virðingarfyllt,



Jón Kjartan Ágústsson
Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Hamraborg 9 - 200 Kópavogur - sími: 564 1788 - ssh@ssh.is - www.ssh.is

Fylgiskjal 1b) Frumgreining, drög, 1.6.2023 ásamt viðauka

Græni stígurinn



Frumgreining
Drög til kynningar og samráðs
01.06.2023



Viðauki:

Forsendur í skipulagsáætlunum:
Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðis 2040
Aðalskipulag Reykjavíkur norðan Mosfellsbæjar
Aðalskipulag Mosfellsbæjar
Deiliskipulag Leirvogstungu
Deiliskipulag Tungumela
Aðalskipulag Reykjavíkur sunnan Mosfellsbæjar
Aðalskipulag Kópavogs
Aðalskipulag Garðabæjar
Aðalskipulag Hafnarfjarðar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 20.08.2026